

## **Breytingatillaga Sjálfstæðisflokksins um álagningarhlutfall fasteignaskatta 2025**

Borgarstjórn samþykkir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir árið 2025, þannig að tekjur borgarsjóðs af álögðum fasteignagjöldum hækki ekki milli ára 2024 og 2025.

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatta vegna ársins 2025 verði sem hér segir:

1. Hlutfall fasteignaskatts skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 0,162%.
2. Hlutfall fasteignaskatts skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði áfram 1,32%.
3. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,52%.

### **Greinargerð:**

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkaði um 19,9% árið 2023 og fór úr 10.340 milljörðum króna í 12.627 milljarða króna, samkvæmt fasteignamati Þjóðskrár. Fasteignamatið hækkaði svo aftur árið 2024 um 11,7% og varð 14.400 milljarðar króna. Árið 2025 er enn einu sinni áætluð hækkun fasteignamats, að þessu sinni um 4,3% og verður heildarmatið nú 15,3 milljarðar króna. Frá upphafi þessa kjörtímabils hefur heildarmat fasteigna hérlendis því hækkað úr 10,34 milljörðum í 15,3 milljarða, eða sem nemur um tæpum 48%. Hækkun fasteignamats fylgja óhjákvæmilega samsvarandi skattahækkanir á fólk og fyrirtæki nema álagningarhlutföllum sé breytt.

Þrátt fyrir að einungis sé ráðgerð 4,3% hækkun heildarmats árið 2025 gerir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 ráð fyrir 6,1% tekjuaukningu af fasteignasköttum í Reykjavík, eða sem nemur tæpum 1,8 milljörðum króna.

Hækkanir á fasteignamati hafa undanliðin ár óhjákvæmilega leitt til skattahækkana á heimili og fyrirtæki. Ef álagningarprósentum verður ekki breytt, munu fasteignaeigendur nú fyrirsjáanlega verða fyrir skattahækkunum sem nema milljörðum árlega. Eina skynsamlega viðbragð sveitarfélags við hækkuninni er lækking skattprósentu - enda kostar það borgina ekki meira að þjónusta fasteignaeigendur þó fasteignamat hafi hækkað.

Með því að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði úr 0,18% niður í 0,16258% má spara heimilunum í borginni rúmar 825 milljónir króna miðað við áætlanir borgarinnar. Með því að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,60% niður í 1,52% má jafnframt draga úr skattlagningu á atvinnulíf í borginni sem nemur um 940 milljónum króna. Tekjur borgarinnar af fasteignasköttum yrðu þær sömu og árið 2024.

Með hliðsjón af framanrituðu er lagt til að borgarstjórn samþykki að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir árið 2025 með þeim hætti sem getið er að ofan.